

## Aðalfundur 3F í Borgarholtsskóla 9. mars 2001

Fundurinn er haldinn í tengslum við UT2001 ráðstefnuna sem haldin var í Borgarholtsskóla í Reykjavík.

Fundur var settur af formanni kl. 17:10.

Skýrsla formanns

Formaður benti á að starf hafi ekki verið mikið, þar sem verið væri að vinna félagið upp úr töluverðri lægð.

Áhersluatriði starfsársins voru:

Að fylgjast með því sem var að gerast í kjaramálum tölvuumsjónamanna.

Að leita eftir styrkjum til að halda námskeið fyrir framhalds- og grunnskólakennara. Styrkir fengust til að halda 3 námskeið fyrir framhaldskólakennara

Forritun fyrir Client Server

Fartölvukennsla

Námskeið í Javaforritun fyrir kennara

Grunnskólakennarar verða með eitt námskeið í samstarfi við Flöt - félag stærðfræðikennara. Námskeiðið ber heitið Stærðfræði og tölvur.

Að gera vef félagsins upp og var hann opnaður á starfsárinu í nýrri og breyttri mynd. Slóðin á vefinn er <http://www.ismennt.is/not/3f>.

Viðstöddum fundarmönnum var sýndur vefurinn við mikla ánægju þeirra. Nokkur umræða spannst í kringum það hvort félagaskrá ætti að vera úti á vefnum og voru fundarmenn sammála um að halda henni fyrir utan vefinn að svo stöddu. Þá kom fram fyrirspurn varðandi póstlista félagsins, þar sem nokkrir fundarmenn sögðust ekki hafa fengið fundarboð á aðalfundinn í gegnum hann. Varð ofan á að koma tilkynningu um tilvist félagsins í næstu Skólavörðu málgagni KÍ þar sem mönnum yrði bent á ath. hvort þeir séu virkir á póstlista 3f. Þar yrði jafnframt bent á heimasíðu félagsins og þær leiðbeiningar sem þar lögju úti um hvernig ætti að ská sig á póstlistann

Reikningar lagðir fram

Það bar helst til tíðinda varðandi fjármál félagsins að stór hluti inneignar félagsins var flutt yfir Verðbréfaveltureikning Landsbankans og bar það góða ávöstin. Félagið stendur vel fjárhagslega, sjá ársreikninga.

Ársreikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru lagðar fram.

Stjórnarkjör

Sitjandi stjórn gaf öll kost á sér til áframhaldandi setu.

Formaður, Lára Stefánsdóttir var endurkjörin samhljóða.

Aðrir stjórnarmeðlimir, Atli Harðarson, Halldór Tjörvi Einarsson, Kolbrún Hjaltdóttir og Sigurður Halldór Jesson voru einnig endurkjörnir samhljóða.

Endurskoðendur voru kjörnir Sturla Bragasona og Ómar Baldvinsson. Sturla gegndi starfinu fyrir og var því endurkjörin en Ómar kemur nýr inn.

Önnur mál

A

Valgeir Gestsson vakti athygli á stöðu tölvuumsjónarmanna í grunnskólum og þá sérstaklega í Reykjavík.

Nú þegar verið er að auka við stöðuhlutfall tölvuumsjónarmanna neitar Fræðslumiðstöð að viðurkenna að þeir vinni önnur störf eins og kennslu þar sem það stríðir á við vinnutímaskilgreiningu ESB. Við þetta versna kjör tölvuumsjónarmanna verulegu og tvísýnt um að þeir geti staðið í þessu nema að starf tölvuumsjónarmanns verði metið á annan hátt kjaralega en kennarastarfið.

Valgeir benti á að það vantaði formlegan aðila til að sjá um samningamál tölvuumsjónarmanna þar sem stjórn KÍ virðist áhugalaus um að skoða kjör þeirra.

Lára benti á að 3F væri fagfélag og að það væri ekki á verksviði félagsins að beita sér á beinan hátt í kjaramálum.

Atli kvað rétt að 3F beitti sér fyrir því að tölvuumsjónarmannastarfið yrði skilgreint sem fullt starf.

Valgeir segir að Garðabær sé á réttri leið hvað kjör tölvuumsjónarmanna varðar og rétt sé að benda yfirvöldum Rvk. að líta þangað.

Niðurstaða umræðunnar var að Valgeir í samstarfi við Kolbrúnu, beitti sér fyrir því að samin yrði yfirlýsing í samstarfi við Strumpanna netsamfélgs tölvuumsjónarmanna í Rvk. Þar sem ályktað yrði um þessi mál. Stjórn 3F myndi svo lýsa yfir stuðning sínum við hana.

Á

Lára sagði frá því að þrátt fyrir að stjórn 3F hafi farið fram á það við menntamálaráðuneytið að fá að vera til umsagnar um stefnu ráðuneytisins í UT - málum hafi sú ekki orðið raunin. Stefna ráðuneytisins var gefin út á setningardegi UT2001, 9. mars, án þess að 3F fengi neitt um hana segja.

Niðurstaða varaðandi þetta var að senda ráðneytismönnum bréf þar sem áréttuð yrði beiðni félagsins og óskað yrði eftir því að það fengi að fylgjast með endurskoðun þessarar stefnu.

B

Atli lagði til að fundarmenn kæmi með tillögur að námskeiðum fyrir næsta ár, þ.e. 2001 - 2002 til þess að hægt væri að vinna með þær.

Eins benti hann á að á síðasta aðalfundi hafi verið ákv. að beina athyglinni að leiðtogum í UT og tölvuumsjónarmönnum þar sem það væru þeir sem drægju vagninn og kæmu hjólunum til að snúast í skólunum.

Vilji kom fram um að farið væri út í að vera með farandnámskeið sem færu skóla úr skóla. Lengi hefur verið vitað að kennarar vilja læra á sínar tölvur í sínu umhverfi.

Tillaga var lögð fram um að halda námskeið í vefgerð fyrir framhalds- og grunnskólakennara, þar sem lögð yrði áhersla á forrit eins og:

Macromedia Deamweaver

Flash

FireWorks

PHP

D

Halldór, kennari í FÁ, benti á nauðsyn þess að skoða vel launamál dreifmenntarkennara þar sem þar væri allt á huldu varðandi hvernig eigi að taka á þeim. T.d. bara það smáatriði á að borga dreifmenntarkennurum fyrir að vera alltaf til staðar að svara pósti frá nemendum sínu, þ.e. að vera á stöðugri bakvakt.

Menn voru sammála um það að þessi mál þyrfti að ræða og ákveðið var að hefja umræðuna á póstlista 3F.

Þá var einnig lagt til að að drefmenntarkennarar kæmu manni inn á næsta Kí þing þar sem hann gæti vakið máls á stöðu þessara kennara

Meira var ekki rætt á fundunum og fundi slitið kl. 18:10

Fundargerð ritaði Sigurður Halldór Jesson, ritari stjórnar.